

Fundur í Atvinnumálanefnd 24. febrúar 2009 kl. 17:00

Mætt voru Þorsteinn Sigurðsson, Einar Karlsson, Margrét Björnsdóttir starfsmaður atvinnuráðgjafar Vesturlands, Magnús Bæringsson, Ólafur Guðmundsson formaður og Berglind Þorbergsdóttir.

1. Staða atvinnumála í Stykkishólmi og atvinnuleysisskrá.

Margrét lýsir verkefni sem vinnumálastofnun er með um að koma einstaklingum á atvinnuleysisskrá inn á vinnumarkaðinn. Umræður um atvinnuleysisskrá og úrræði sem hægt væri að setja í gang í Stykkishólmi.

2. Afrit af bréfi NSV til Breiðafjarðarnefndar dags. 5.2.2009 um atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð.

Breiðafjarðarnefnd er tilbúin til að koma með atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð. Um er að ræða að skráningu og hnitsetningu á öllum þekktum örnefnum á sjó og í eyjum á Breiðafirði og jörðum sem liggja að ströndum Breiðafjarðar. Ólafur tekur að sér að ræða við Kolbrúnu Reynisdóttur formann Breiðafjarðarnefndar og Vinnumálastofnun um þetta verkefni.

3. Fundarherferð atvinnumálanefndar.

Hafin er fundarherferð sem fengið hefur nafnið “Úr vörn í sókn”. Ætlunin er að halda fyrirlestra á hálfsmánaðarfresti og er fyrsti fyrirlesturinn fimmtudaginn 26. febrúar.

4. Önnur mál.

Ólafur sagði frá þeim viðbrögðum sem síðasta fundargerð vakti og því áframhaldi á vinnu um hugmyndir við Þróunar/frumkvöðlasetur sem fyrirhugaðar eru.

Margrét sagði frá Geopark sem er verkefni, sem var verið að ræða á ráðstefnu sem hún var á sem haldin var af jarðfræðingum. Hægt er að skoða hvort þau setur sem hér eru, Háskólasetrið og Náttúrustofa Vesturlands, gætu nýtt sér þetta. Einnig sagði hún frá Gáttum, sem er vöruþróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu. Margrét sagði frá styrkjum sem eru opnir núna, hjá Ferðamálaráði senda þarf inn fyrir 6. mars og Atvinnumálasjóður kvenna og er umsóknarfrestur til 9 mars.

Fundi slitið kl 18:35